

BORGARRÁÐ 18. ágúst 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á hraðlestrarprófum – MSS22080108

Lagt er til að borgarráð samþykki að hraðlestrarpróf verði einungis lögð fyrir börn með samþykki foreldra og barnanna sjálfra. Spurning er hvort of mikil áhersla m.a. frá Menntamálastofnun (MMS) sé á leshraða (lesfimi) og mælingar á honum. Fjölmörg dæmi eru um að hraðlestrarpróf valdi börnum angist og kvíða. Hraðlestrarsamanburður á lestrarhraða getur almennt séð verið vafasamur, ekki einungis fyrir börn sem standa höllum fæti heldur einnig þá sem ná viðmiðum. Börn sem standa höllum fæti fá sífellt þau skilaboð að frammistaðan sé ekki nægilega góð jafnvel þótt hún batni. Að sama skapi getur verið að börn sem standa vel að vígi upplifi að þar sem þau séu búin að ná markmiðum þurfi þau ekki að bæta sig frekar. Færa má rök fyrir að leshraði sé stundum á kostnað lesskilnings. Á meðan hvatt er til að skólar mæli leshraða er e.t.v. ekki eins mikil áhersla á samræmdar mælingar á orðaforða, stafsetningu og lestur á sjónrænum orðaforða. Það er einfaldlega ekki hægt að gera ráð fyrir að lesskilningur komi bara hjá börnum þegar þau ná auknum hraða eins og stundum er haldið fram.

Greinargerð:

Frá því í september 2017 hefur Menntamálastofnun (MMS) mælt með að skólar mæli leshraða hjá börnum í 1. til 10. bekk. Rökin eru þau að nemendur með góðan leshraða hafi yfirleitt góðan lesskilning. En þetta er kannski ekki alveg svo einfalt því árangur á hraðlestrarprófi segir ekkert til um lesskilning einstaklings. Niðurstöður sýna aðeins hversu hratt lesandinn getur bunað út orðum. Leshraði er til lítills ef barn skilur ekki efnið sem það les. Barnið sem ekki skilur efnið er verr sett en barn sem les hægt en hefur ágætán lesskilning. Standa þarf vörð um tilfinningalíðan barna og er hér höfðað til skóla- og frístundasviðs að beita sér í að framkvæmd á hraðlestrarprófi verði aldrei nema í samráði og sátt við foreldra og nemenda.

Menntamálastofnun hefur sett ákveðin lesfimiviðmið sem sýna fjölda rétt lesinna orða á mínútu. Unglingur sem hefur lokið 10. bekk hefur farið í gegnum 30 mælingar á leshraða á 10 ára skólagöngu. Spyrja má hvaða áhrif slíkar endurteknar mælingar hafi á lestraráhuga og tilfinningalega líðan barnsins.

Enda þótt lesefnisviðmiðin séu e.t.v. almennt ekki endilega ósanngjörn eru þau of há fyrir mjög mörg börn. Í hópi barna er lestrarfærni þeirra mismikil. Sum börn ná einfaldlega ekki miklum hraða í lestri og ná ekki hraðaviðmiðunum Menntamálastofnunar. Vandamál með lestur geta átt rætur að rekja til ótal þátta þ.m.t. undirliggjandi leshömlunar eða annarra frávika. Hér þarf skóla- og frístundasvið að stíga inn og standa vörð um að vernda líðan barna í skólanum og verja þau gegn óþarfa áreiti sem hraðlestrarpróf geta verið og eru upplifuð af hópi barna í grunnskólum Reykjavíkur.